

# Minnisblað

Efni: Covid-19 og aðgerðir sveitarfélaga.  
Viðtakandi: Borgarráð og Dagur B. Eggertsson, formaður almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS).  
Sendandi: Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.  
Dags.: 12. ágúst 2020.

Þegar fyrsta bylgjan var að baki í maí og landið var ekki lengur á neyðarstigi fækkuðum við fundum í neyðarstjórnnum sveitarfélaganna og framkvæmdaráði almannavarna AHS. Því miður varði það skemur en við vorum að vonast til og þegar stjórnvöld hertu aðgerðir á ný 31. júlí tókum við upp það verklag sem við unnum eftir í fyrstu bylgjunni.

Þann 30. júlí boðaði borgarstjóri til fundar með neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og er fundað reglulega með henni frá þeim degi. Í kjölfarið voru aðrar neyðarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu virkjaðar og er einnig fundað reglulega í þeim. Formaður AHS boðaði síðan framkvæmdaráð almannavarna hélt fund þann 31. júlí og fundar ráðið vikulega. Gert er ráð fyrir reglulegum fundum á þessum vettvangi næstu mánuðina. Á þessum fundum er m.a. einblínt á að virkja stjórnkerfið og að vernda viðkvæma hópa. Áhersla er á að halda sama verklagi og í vor og tryggja samræmingu á milli sveitarfélaga og samvinnu og ber framkvæmdastjóri AHS ábyrgð á þeirri línu verði fylgt. Óvissa og misvísandi skilaboð geta jafnvel skapað meiri ringulreið en faraldurinn og er ekki til að auka traust almennings á stjórnkerfinu.


Í byrjun ágúst voru allir vinnuhópar á höfuðborgarsvæðinu virkjaðir á ný, en þeir snúa að skóla-, íþrótt-, velferðar-, menningar- og upplýsingamálum svo eitthvað sé nefnt. Í öllum þessum hópum er verið að horfa á verkefnið sem langhlaup, en ekki það átak sem einkenndi það í fyrstu bylgjunni. Það er mikilvægt fyrir okkur að átta okkur á því að það munu koma toppar í smitum og við þurfum að einbeita okkur að því að lifa með þessari veiru eins og sóttvarnalæknir hefur ítrekað talað um.

Ein af þeim nýjungum sem verið er að vinna í skóla- og velferðarmálum er notkun á litakóða sem byggja á umfangi almannavarnaviðbragða þ.e. grænt, gult og rautt. Með slíkri notkun í starfinu er hægt að sjá fyrir sér að t.d. skólar geta verið á mismunandi stigi eftir hverfum og viðbragð því ólíkt innan höfuðborgarsvæðisins. Þá þyrfti ekki að herða reglur á alla þó einn skóli sé í tímabundnu neyðarástandi vegna smita. Vonast er til að grunnur að þessari uppskiptingu verði tilbúinn í næstu viku en meðal annars er verið að vinna að norskri fyrirmynd.

Það var mikið áfall 7. ágúst þegar metfjöldi var í nýgengi innanlandssmita eða 26,5 en hægt er að skilgreina viðkomandi svæði sem hættusvæði þegar talan fer yfir 10. Sem betur fer virðist sá toppur vera liðinn hjá, í bili a.m.k.

Frá 15. júní þegar skimun á landamærum hófst er búið að greina 14 smit erlendis frá en 41 (28%) reyndust virk en 104 (72%) með mótefni. Ef sama tímabil er skoðað hvað varðar innanlandssmit þá er búið að greina 111 virk smit eða 70 fleiri en á landamærunum. Ekki greindust virk smit innanlands í 20 daga samfelld áður en greind voru 2 smit 23. júlí sl. en frá þeim tíma er búið að greina 108 virk smit. Markviss fjölgun var næstu daga á eftir sem hafði áhrif á að gripið var til

hertari aðgerða af hálfu stjórnvalda og viðbúnaður sveitarfélaganna aukinn. Meginbreyting stjórnvalda 31. júlí fól í sér að fjöldatakmörkun á samkomum lækkaði úr 500 í 100 og 2 metra reglan tekur aftur gildi á milli þeirra einstaklinga sem ekki deila heimili.



Þann 12. ágúst er 115 í einangrun á landinu og þar af eru 89 (77%) á höfuðborgarsvæðinu. Einnig eru 766 í sóttkví í heildina og af því 481 (63%) á höfuðborgarsvæðinu.

Lögheimili	Einangrun	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	89	481
Suðurnes	4	24
Suðurland	4	98
Austurland	2	12
Norðurland eystra	4	60
Norðurland vestra	1	15
Vestfirðir	3	2
Vesturland	5	60
Óstaðsett**	3	14
Útlönd*		
	115	766

\*Lögheimili Íslendinga skráð erlendis

\*\*Lögheimili ekki skráð á Ísland

Til umræðu var að setja höfuðborgarsvæðið og Vestmannaeyjar á neyðarstig vegna þessara smita en horfið var frá því. Engu að síður er þessi möguleiki til staðar þ.e. að landið sé á mismunandi almannavarnastigi.

Samkvæmt nýrri auglýsingu heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem tekur gildi 14. ágúst er lögð áhersla á eftirfarandi sem í heild sinni eru tilslakanir á vissum þáttum og að skapa möguleika á því að láta samfélagið okkar virka á komandi vetri en mikil ábyrgð lögð á okkar herðar sem einstaklinga og einnig sveitarfélögin sem eru að veita fjölbreytta þjónustu sem er nauðsynleg fyrir allt og alla.

### Tekið að heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins:

„... verða reglur um nálægðartakmörk í framhalds- og háskólum rýmkaðar og sömuleiðis í íþróttum. Að öðru leyti gildir áfram meginreglan um 2 metra nálægðarmörk. Við aðstæður þar sem eðli starfsemi krefst meiri nálægðar milli einstaklinga en tveggja 2 metra og í almenningssamgöngum þar sem ferð varir í 30 mínútur eða lengur skal nota andlitsgrímu. Hjúkrunarheimilum, öðrum heilbrigðisstofnunum og sambærilegum stofnunum er gert skylt að setja reglur um starfsemi sína, svo sem um heimsóknir utanaðkomandi að heimilum og stofnunum. Fjöldatakmörk miðast áfram við 100 manns að hámarki. Eins og fram kemur í auglýsingu ráðherra er rík áhersla lögð á einstaklingsbundnar sóttvarnir og almennar smitvarnir með tíðum og reglubundnum þrifum þar sem fólk kemur saman.

Þær breytingar sem verða með nýrri auglýsingu um takmörkun á samkomum eru í samræmi við tillögur sóttvarnalækni sem fram koma í minnisblaði hans til ráðherra frá 11. ágúst síðastliðnum.

### *Nálægðartakmörkun í íþróttum*

Þrátt fyrir meginregluna um 2 metra nálægðartakmörkun verða snertingar heimilar milli íþróttafólks á æfingum og í keppnum. Aftur á móti skal virða 2 metra regluna í búningsklefum og á öðrum svæðum utan keppni og æfinga. Aðrir, meðal annars þjálfarar, starfsmenn og sjálfboðaliðar, skulu ávallt virða 2 metra regluna. Íþrótt- og ólympíusamband Íslands skal setja sérsamböndum sínum nánari reglur í samráði við sóttvarnalækni, meðal annars um einstaklingsbundnar sóttvarnir, sóthreinsun búnaðar, framkvæmd æfinga og keppna.

### *Andlitsgrímur*

Við aðstæður þar sem skylt er að nota andlitsgrímur líkt og skilgreint er í auglýsingunni skal aðeins nota grímur sem uppfylla kröfur evrópsku staðlasamtakanna (CEN) og hefur sóttvarnalæknir jafnframt sett nánari leiðbeiningar þar að lútandi.

### *Börn*

Börn fædd árið 2005 eða síðar eru áfram undanskilin ákvæðum 3. gr. auglýsingarinnar sem snúa að fjöldatakmörkun og 4. gr. um almenna nálægðartakmörkun.“

Við þurfum að horfa til þess að halda okkar grunnþjónustu gangandi, við erum með reynslu frá fyrstu bylgjunni sem við getum horft til og nýtt t.d. hvað gekk vel og hvar þurfum við að bæta okkur. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir að þetta er langhlaup hjá okkur en við erum með verkfæri til að takast á við verkefnið, við kunnum þetta og getum klárað það með samstilltu átaki.

Síðast en ekki síst var aðdáunarvert hversu vel gekk að virkja neyðarstjórn sveitarfélaganna og hversu fljótt allir voru komnir í gírinn og reiðubúnir að takast á við það sem er framundan þó svo allir eru sammála að þetta er ekki það verkefni sem er tekið fagnandi.